

Aðeins einn íslenzkur myndhöggvari hefir áður fengið gullmedalíu

Kaupmannahöfn
í janúar 1955.

EINS OG nefnt hefur verið í stuttu fréttaskeyti hefur Ólöf Pálsdóttir, dóttir Páls Ólafssonar ræðismanns, fengið gullpening Hins konunglega listaháskóla í Kaupmannahöfn.


Tveir myndhöggvarar, nefnilega Ólöf og ungur danskur maður, og svo fjórir málaraar, fengu gullpeninga. Fylgir hverjum þeirra námsstyrkur, sem í ár hefur verið hækkaður úr 1500 upp í 3000 kr. Ólöf var eini kvenmaðurinn, sem fékk verðlaun. Voru þau veitt henni fyrir fagra myndastyttu af ungum manni. Er myndastyttan í líkamsstærð.

200 ÁRA GÖMUL VERÐLAUN

Líklega hefur ekki nema einum íslenzkum myndhöggvara áður hlotnast sá eftirsótti heiður að fá gullpening Listaháskóla, þótt rúmlega 200 ár séu liðin, frá því að hann var stofnaður, og margur Íslendingur hafi sótt til náms i þennan gamla háskóla. Sennilegt er, að Ólöf verði síðasti Íslendingurinn, sem fær þennan heiður, þar sem hann er eingöngu veittur dönskum ríkisborgurum og svo þeim Íslendingum, sem njóta jafnréttis við Dani samkvæmt lögum, sem Ríkisþingið samþykkti árið 1950, þegar Danir felldu dönsk-íslenzku sambandslögin úr gildi.

HAFÐI AÐEINS 6 VIKNA VINNUTÍMA

Sem vænta mátti voru margir ungir listamenn ásamt blaðamönnum samankomnir í Charlottenborg, aðsetursstað Listaháskóla, þegar Listaháskólaráðið hélt þar 7. b. m. úrslitafund sinn um verðlaunin. En Ólöf var þar ekki viðstödd. Hún segir, að hún



Eftir Pál Jónsson

hafi ekki þorað að gera sér vonir um, að myndastyttan hennar yrði verðlaunuð. Ólöf hafði ekki nema 6 vikur til að vinna að henni, og er það mjög stuttur tími. Hinn myndhöggvarinn, sem fékk líka verðlaun, segist í blaðavíðtali hafa verið ½ ár um sitt verk.

Konungur Dana afhendir þessi gullverðlaun seinna í veturnum.

Blöðin ljúka miklu lofsorði á myndastyttu Ólafar. Í grein í „Politiken“ um verðlaun Listaháskóla er t. d. getið um Ólöfu Pálsdóttir í sérstökum kafla, sem ber fyrirsögnina: „Gáfaður Íslendingur“. Blaðið minnist á bessar tvær myndastyttur, sem hlutu gullpeninga, og segir, að auðsjáanlega komi meira sjálfstæði fram í listaverki Ólafar en danska mannsins. Blaðið bætir því við, að hún hafi við mörg tækifæri sýnt persónuleika í listaverkum sínum, þar sem hver einstakur liður sé vandaður og vel gerður. Það er tekið eftir verkum hennar á listsýningum, skrifar blaðið.


PÁTTTAKA Í LISTSÝNINGUM

Undanfarin ár hefur Ólöf tekio þátt í ýmsum listsýningum: vorsýningunum í Charlottenborg, „Den Frie“ og íslenzku listsýningunni, sem haldin var síðastliðið vor fyrst í Ráðhúsinu í Kaupmannahöfn og seinna í Árósum. Eins og lesendum blaðsins er kunnugt, hefur Ólöf hvað eftir annað fengið ágæta dóma í blöðunum. Í Árósum geðjaðist borgarstjórninni svo vel að einu af listaverkum hennar að hana langar til að festa kaup á því.

Ólöf Pálsdóttir hefur stundað nám við Listaháskólan í fimm ár. Hún er námsmær Utzon-Franks prófessors. Hún hefur ferðast mikið, bæði á Spáni,

Listaháskóla danska

Um verðlaunamynnd Ólafar Pálsdóttur og listaferil hennar



Ólafur Pálsdóttir vinnur að verðlaunamynnd sinni

Frakklandi, Ítalíu og víðar um aráformin segir hún þó, að hún lond í Evrópu og Norður-Afríku. Vonist eftir að geta helgað sig Siðastliðið sumar var hún lengi listinni. Hún gæti hugsað sér að í Egyptalandi og skemmri tíma í vinna heima á Íslandi eða á Gískalandi. Þessi ferðalög hafa Suðurlöndum, og skemmtilegt vitanlega orðið henni að miklu væri, ef henni gæfist færi á að gagni.

TÁKN ÍSLENZKRAR ÆSKU

Ólöf vill sem minnst um sig hugsuð sem tákni íslenzkrar æsku. Og list sína segja, þegar ég hitti Verkið hefur Ólöf tileinkað móðhana að máli. En um framtíð ur sinni.

Belo Horizonte

Frægasta spilavíti Norðurlanda reist

AKVÖRDUN hefur nú verið tekin um það að draga mikla fleka í marz-mánuði n. k. frá Kaupmannahöfn út í mitt Eyrarsund. Á flekum þessum verður byggt stórt alþjóðlegt spilavíti og veitingahús, sem er á frjálsu hafi, utan landhelgi.

FAGUR SJÓNDEILDAR-HRINGUR

Spilavítið verður kallað „Belo Horizonte“, sem er spánska og þýðir „Fagur sjóndeildarhringur“. Verður nafn þess ritað með stórkostlegum risastöfum úr Neon-ljósum, svo haegi verður að lesa það 1-æði frá dönsku og sánsku ströndinni.

FYRIR UTAN LÖG OG RÉTT
Ætlunin er að staðsettja spilavítið mitt á milli Kaupmannahafnar og Málmejar. Þar er það utan landhelgi. Er það talioð mjög heppilegt, því það geta löggregluyfirvöld Danmerkur og Svíþjóðar ekki skipt sér af því, þótt fjárhættuspil fari þar fram og einnig verður áfengi og tóbak, sem og aðrar vörur, seldar þar skattfjárlst.

Spilavítið mun hafa sína eigin vopnuðu löggreglu og slökkvilið og einnig rauðakross-lið,

enda getur löggregla nágranna landanna ekki skipt sér af þeim atburðum sem gerast þarna, á stað fyrir utan lög og rétt.

Flotholtin eða flekarnir eru 42 x 31 m og munu geta borið einnar hæðar hús, sem verður að gölfleiti um 1400 fermetrar. Þar verður komið fyrir veitingahúsi og stærsta spilavíti sem til er svo norðarlega í heiminum. Verða þar 9 spilaborð og leyfilegt að veðja allt að 300 isl. krónum á númer.

Alls verður rúm fyrir 1000 gesti á þessari alþjóða-eyju.

Lufthansa tekur til starfa í apríl.

LONDON: — Starf þýzka flugfélagsins Lufthansa hefst enn

ný í apríl n.k. Notaðar verða tveggja hreyfla bandarískar Convair-flugvélar. Níu kapteinar

brezkra flugfélaga fóru í s.l. viku

til Hamborgar til að verða flugstjórar hjá Lufthansa.